

4- fundur Skólaráðs – 19. mars 2019.

Mættir; Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Birgitta Björg Jónsdóttir fulltrúi foreldrafélags, Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir fulltrúi foreldra, Jóhanna Dögg Pétursdóttir fulltrúi greindarsamfélags, Oddný Ármannsdóttir fulltrúar foreldra, Margrét B. Gunnarsdóttir og Birna Dís Bjarnadóttir, fulltrúar kennara,

Dagskrá:

1. Skóladagatalið 2019 – 2020
 2. Skólapúlsinn
 3. Önnur mál
1. Skóladagatalið 2019 – 2020 kynnt og farið yfir hvern lið fyrir sig og samþykkt.
 2. Skólapúlsinn – farið yfir foreldrakönnun grunnskóla 2018 – 2019, niðurstöður skoðaðar og ræddar. Skólinn kom vel út í þessari könnun. Mikil ánægja er með starfsfólk og viðmót þess og eins kom stjórnun skólans vel út með 98% ánægju meðal foreldra.
 3. Matarmálin í vetur hafa gengið mjög vel og hefur mikil ánægja verið með fyrirtækið Skólamat. Maturinn fer í útboð í júní fyrir næsta vetur. Inni í því útboði verður fyrir utan hádegismatinn, hafragrautur í morgunmat og ávaxtastund í áskrift.
 4. Önnur mál voru engin

Fleira var ekki rætt og fundi slitið 9:30

Ritari

Margrét B. Gunnarsdóttir, kennari